

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 REYKJAVÍK

Reykjavíkurflugvelli, 31.07.2019
1907024KSM

Efni: Athugasemd við frumvarp laga um breytingu á upplýsingalögum (réttarstaða þriðja aðila) birt í samráðsgátt

Vegna áforma um breytingar á upplýsingalögum nr. 140/2012 í því skyni að bæta réttarstöðu þriðja aðila birt á samráðsgáttinni vill Isavia ohf. (félagið) koma að eftifarandi athugasemnum.

Skylda til að leita eftir afstöðu þess aðila sem upplýsingar fjalla um er jákvætt skref fyrir réttindi þriðja aðila. Þó er ekki um veigamikla breytingu að ræða þar sem upplýsingaskyldir aðilar og eftir atvikum úrskurðarnefnd um upplýsingamál hafa nú þegar, leitað eftir afstöðu þriðja aðila vegna hagsmuna þeirra í upplýsingamálum eins og rakið er í stjórnargáttinni. Hafa verður þó í huga að mólsmeðferð vegna einstakra upplýsingamála mun lengjast við breytinguna, sér í lagi þegar margir aðilar eiga í hlut.

Félagið telur jafnframt jákvætt fyrir þriðja aðila að vera upplýstur um niðurstöðu úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem fyrst með því að fá niðurstöðuna birta fyrir sér sérstaklega. Þá styður félagið framkomna lagabreytingu varðandi frestun réttaráhrifa en með því móti þarf upplýsingaskyldur aðili ekki að ljá frestun réttaráhrifa atbeina sinna heldur getur málið verið á forræði þriðja aðila.

Félagið fagnar því að gerðar séu breytingar á lögnum til að styrkja réttarstöðu þriðja aðila og telur þörf þar á. Þegar upplýsingabeiðnir taka til upplýsinga um þriðju aðila eru upplýsingaskyldir aðilar settir í þá stöðu að þurfa að meta hagsmuni þeirra. Mikilvægt er að afstaða þess aðila fái að heyrast þegar svo á við og jafnframt að hún fái meira vægi í meðferð upplýsingamála. Félagið telur að bregðast þurfi við því þegar upplýsingalög eru misnotuð til

að komast yfir gögn þriðja aðila sem samrýmast ekki tilgangi upplýsingalaga, sérstaklega þegar um er að ræða upplýsingar sem almennt eru óaðgengilegar á hinum almenna markaði, m.a. vegna samkeppnishagsmuna og hlutafélagalaga. Þriðji aðili hefur ekki alltaf val hvort hann veiti upplýsingaskyldum aðilum upplýsingar úr sínum rekstri og til þess þarf að líta við beitingu upplýsingalaga.

Félagið telur að breytingarnar nái ekki nægjanlega langt til að bregðast megi við með fullnægjandi hætti vegna vanda við úrlausn upplýsingamála svo lengi sem neikvæðri afstöðu þriðja aðila er ekki gefið frekara vægi.

Félagið er tilbúið að koma á fund til að fara yfir þessar athugasemdir og skýra þær frekar ef óskað er.

Virðingarfullst,
f.h. Isavia ohf.

Kolbrún Sara Másdóttir

Kolbrún Sara Másdóttir
Lögfræðingur